

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 506/2010

2011/EES/55/24

frá 14. júní 2010

um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar sauðfé og geitur sem haldin eru í dýragörðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

auðkenni á dýr sem eru sýnd almenningi vegna þess að merkin gætu haft áhrif á upprunalegt útlit dýranna, einkum framandi tegunda.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr.,

- 5) Til að draga úr stjórnsýsluálagi og vegna sérstöðu dýra í dýragörðum, þ.e. þess hversu fá viðkomandi dýr eru og að þau eru sérstaklega ætluð til að vera til sýnis, þykir við hæfi að veita undanþágu frá tilteknum þáttum reglugerðar (EB) nr. 21/2004 varðandi auðkenningu, nánar tiltekið frá þeirri skyldu að nota sýnileg auðkenni eða rafræn auðkenni.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar.
- 2) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 21/2004 er að tryggja rekjanleika einstakra dýra af geita- eða sauðfjáarkyni meðan þau lifa. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. og A-þætti viðaukans við þá reglugerð skal auðkenna þessi dýr með sýnilegum auðkennum, s.s. eyrnamerki, merki á kjúku eða húðflúri.
- 3) Í tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ⁽²⁾, er kveðið á um sértækar kröfur um heilbrigði framandi dýra sem haldin eru í dýragörðum. Í þeirri tilskipun eru einnig sett fram ákvæði um auðkenningu og skráningu sem merkir að um flestar geitur og sauðfé, sem haldin eru í samþykktum dýragörðum, gilda nú þegar kröfur sem miða að auðkenningu og rekjanleika einstakra dýra.
- 4) Enn fremur er mikill meirihluti geita og sauðfjár, sem haldin eru í dýragörðum, af framandi tegundum. Hins vegar gæti reynst óframkvæmanlegt að nota sýnileg

- 6) Því er rétt að leyfa lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að undanþiggja sauðfé og geitur, sem eru haldin í og flutt á milli dýragarða sem eru samþykktir í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 92/65/ESB, frá þeirri skyldu að nota sýnileg auðkenni eða rafræn auðkenni svo fremi að viðkomandi dýr séu þegar auðkennd og rekjanleg hvert um sig samkvæmt ákvæðum þeirrar reglugerðar. Ef dýrin eru flutt á bújörð, aðra en samþykktan dýragarð, þarf hins vegar að auðkenna þau í samræmi við 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 21/2004.
- 7) Því ber að breyta A-þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 21/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 149, 15.6.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í A-þætti viðaukans við reglugerð (EB) nr. 21/2004 bætist eftirfarandi liður við á eftir 7. lið:

„8. Þrátt fyrir kröfu um auðkenni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., getur lögbært yfirvald ákveðið að ákvæði A-þáttar gildi ekki um sauðfé og geitur, sem eru haldin í og flutt á milli dýragarða sem eru samþykktir í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar ráðsins 92/65/ESB ⁽³⁾, að því tilskildu að dýrin séu auðkennd og rekjanleg hvert um sig.“

⁽³⁾ Stjrtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.